

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.

#### 1. gr.

Af hundum og köttum í Húnaþingi vestra skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. 10. gr. samþykktar nr. 297/2013 um hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.

#### 2. gr.

Við skráningu hunds skal greiða leyfisgjald 8.860 kr. sem gildir til næstkomandi maímánaðar og síðan árlega 1. maí 8.860 kr. fyrir eitt ár í senn. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Þurfi að endurnýja merkisgjald skal innheimta 2.560 kr. fyrir endurnýjunina.

Fyrir handsömun hunda skal eigandi greiða áfallinn kostnað.

Hafi leyfið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfi til hundahalds sjálfkrafa úr gildi.

Undanþegnir ofangreindu gjaldi eru þarfahundar á lögbýlum sem og hundar sem notaðir eru til leitar- og björgunarstarfa og hundar notaðir til aðstoðar blindu fólki eða fötluðu.

#### 3. gr.

Við skráningu kattar skal greiða leyfisgjald skráningargjald 3.135 kr. sem gildir til næstkomandi maímánaðar og síðan árlega 1. maí 3.135 kr. fyrir eitt ár í senn.

Innifalið í skráningargjaldi er merkisgjald, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Þurfi að endurnýja merkisgjald skal innheimta 2.560 kr. fyrir endurnýjunina.

#### 4. gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði ofangreind gjöld ekki greidd í síðasta lagi á eindaga.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var á 385. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra 14. nóvember 2024, með stoð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, öðlast gildi 1. janúar 2025. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1321/2023 fyrir hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.

*Húnaþingi vestra, 3. desember 2024.*

**Unnur Valborg Hilmarsdóttir** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 17. desember 2024